

## MINNISBLAÐ

### Tillaga að breytingum á *LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR* árið 2022

LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR er samhæfð læsisáhersla fyrir Hafnarfjörð. Hún er stefnumótun, frekar en stefna, sökum víðfemis hennar þar sem hún er allt í senn; stefna, verklag, viðmið og leiðbeiningar til foreldra og starfsfólk skóla. Inntak hennar snýst um nám og kennslu barna og ungmenna í Hafnarfirði frá fæðingu og til loka grunnskólanáms. Hún var í upphafi sett fram árið 2015 og gefin út á pappír sem læsisplagg og afhent öllum foreldrum og starfsfólki í leik- og grunnskólum bæjarins. Auk þess var henni dreift rafrænt sem pdf-skjali.

Alla tíð hefur verið lögð áhersla á að hér sé um lifandi plagg að ræða þar sem breytingar geta orðið í kjölfar nýrrar þekkingar á sviði læsis, sem og breytinga á áherslum og viðmiðum um árangur frá fræðslufirvöldum.

Árið 2018 var læsisáherslan uppfærð í nokkrum þáttum, en þar voru m.a. lögð fram ný viðmið um lesfimi í samræmi við ný lesfimi viðmið *Menntamálastofnunar*.

Nú er sett fram tillaga um frekari breytingar á *LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR*. Þær breytingar snúa bæði að því að gera próf og skimanir skilvirkari og eins að bæta inn nýjum atriðum sem styðja við skóla og foreldra í að efla málþroska barna.

Eftirfarandi tillögur að breytingum hafa komið fram í umræðum við starfsfólk skólanna, ásamt því að ný verkefni eða verkfæri hafa orðið til frá því að læsisplaggið var síðast gefið út. Þær hafa verið lagðar fram í læsisteymi skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og verið samþykktar af teyminu.

Hér er lagt til að tillagan fari til kynningar og skoðanaskipta á samráðsfundum skólustjóra hvors skólustigs um sig og verði loks samþykktar í framkvæmdateymi skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, jafnvel með viðkomu í fræðsluráði.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á *LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR*:

#### 1. **Orðaskil** – viðbót.

Málþroskaprófið **Orðaskil** verði lagt fyrir tveggja ára börn (verður einnig áfram lagt fyrir þriggja ára börn) í leikskólum Hafnarfjarðar. Í kjölfar fyriragnar verði sama verklag viðhaft og í kjölfar fyriragna *Orðaskila* hjá þriggja ára börnum. Tilgangur þess er að ná fyrr til barna sem sýna merki um slakan orðaforða svo hægt sé að grípa sem fyrst til aðgerða, veita börnunum markvissan stuðnings og ráðgjöf til foreldra.

- *Orðaskil* verði lagt fyrir í mánuðinum sem barnið nær tveggja ára aldri, form afhent af leikskóla en foreldrar annast útfyllingu listans.
- Ef um fjöltyngd börn er að ræða er skjalið fyllt út af deildarstjóra í samráði við foreldra.
- Ef barn hefur dvalið minna en eitt ár í íslensku málumhverfi þá er listinn ekki lagður fyrir.
- Skil á gögnum frá skóla eru tvisvar á ári þ.e. í byrjun júní og í lok desember
- Nýta skal sömu listana fyrir börnin við tveggja og þriggja ára aldur (sama skjal, en merkt með mismunandi litum).
- Áhersla skal vera á ráðgjöf til foreldra í kjölfar niðurstaðna.

#### 2. **Hljóm-2** - breyting á íhlutunarviðmiði.

Núverandi setning úr læsisplagginu falli út: *Barni sem mælist undir 10. hundraðsröð skal vísað til talmeinafræðings*. Í staðinn komi eftirfarandi:

- „Börn með mjög slaka og slaka útkomu fá markvissa þjálfun á hljóðkerfisvitund í leikskólanum.
- Börnum með mjög slaka útkomu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.
- Eftir seinni prófun: Ef nemendur með slaka útkomu mælast enn slakir eftir þjálfunarlotu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.“

### 3. Logos-skimanir – breytingar á viðmiðum

Viðmiðum um þátttöku í *Logos-skimun* í 3., 6. og 8. bekk verði breytt á þann hátt að núverandi viðmið falli niður (bæði viðmið 1 og viðmið 2) og í stað þess taki gildi eftirfarandi viðmið:

„Undanþegnar í *Logos-skimun* í 3., 6. og 8. bekk eru allir nemendur sem þegar hafa fengið dyslexíu-greiningu og allir þeir sem náðu lesfímiviðmið 2 (50% viðmið) við lok skólaársins á undan (lesfímipróf *Lesferils* í maí)“.

Tilgangur þessarar breytingartillögu er að fækka þeim sem fara í skimunina með því að undanskilja þá sem ýmist eru komnir með dyslexíugreiningu eða hafa náð meðalfærni í lesfími (lesfímiviðmið 2) skólaárið á undan. Núverandi viðmið hafa þótt of há, þ.e. of margir nemendur fara í skimun að óþörfu.

Einnig komi nýtt viðmið inn varðandi lesskilning, sem ekki hefur áður verið skoðaða nánar við logos-skimanirnar: „Ef nemendur skora í 15. hundraðsröð eða neðar í hugtakaskilningi á *Logos-skimuninni* sé þeim vísað í nánari greiningu til talmeinafræðings.“ (\*sjá nánari skýringu).

#### Nánir upplýsingar um Logos skimanir:

*Logos-skimun* er stutt læsismat (um 10-15 mín. langt án úrvinnslu) sem hefur það að markmiði að finna nemendur sem hugsanlega eru með dyslexíu, sem og nemendur sem eru með slaka frammistöðu í lesfími vegna skorts á lesfímipjálfun. Þeim nemendum sem sýna merki um dyslexíu er þá vísað í nánari greiningu (*Logos* greiningu), en nemendur með vanda orskaðan af þjálfunarleysi fá viðhlítandi hvatningu og þjálfun, auk þess sem foreldrar eru upplýstir um orsök vandans.

\*Í uppfærslu á læsisstefnuninni nú 2022 leggjum við til að hugað sé betur að nemendum sem sýna slaka niðurstöðu í lesskilningi (15. hundraðsröð og undir), en eru með lesfími innan viðmiðunarmarka. Ef slík niðurstaða kemur fram í skimuninni sé einnig lagt fyrir viðkomandi nemanda undirprófið *hugtakaskilningur*. Ef nemandinn skorar í 15. hundraðsröð eða neðar í því undirprófi skal honum vísað í nánari greiningu til talmeinafræðings. Undanskildir eru þó nemendur með annað móðurmál en íslensku og sem hafa búið skemur en þrjú ár á Íslandi.

Úrvinnslan er tölvuunnin, þ.e. logos hugbúnaðurinn leggur til niðurstöður út frá innlögðum lestri nemanda. Logos forritið kemur frá Noregi og hefur verið aðlagð að íslenskum aðstæðum samkvæmt leyfi þar um. Sérstakar tölvur með Logos forritinu er notað í grunnskólum Hafnarfjarðar við *Logos-skimanir* og greiningar. Aðeins þeir sem hafa réttindi til notkunar þess mega leggja það fyrir. Réttindanáms á notkun forritsins fór fram í grunnskólum Hafnarfjarðar á sínum tíma og greiddi Hafnarfjörður fyrir notkunarrétt hugbúnaðarins.

#### **Orðanámskrá fyrir yngsta stig grunnskóla - grunnorðaforði** – viðbótarverkfæri til stuðnings

*Orðanámskrá* verði lögð fram sem nýtt stuðningsverkfæri sem hluti af LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR án þess að því fylgi sérstakar kvaðir eða viðmið um notkunina. *Orðanámskráin* er hugsuð fyrir kennara og starfsmenn skóla til notkunar meðal nemenda á yngsta kennslustigi (1.-4. bekk) og á frístundaheimilum, en getur einnig nýst með eldri nemendum sem eru að hefja íslenskunám eða þarfnast mikils stuðnings í námi. *Orðanámskráin* er í grunninn útbúin af Menntamálastofnun með leikskólastigið í huga, en hefur verið uppfærð og aðlöguð að yngsta stigi grunnskóla af sérfræðingum í skólakerfinu í Hafnarfirði. *Orðanámskráin* er útgefin sem sérstakt plagg og er dreift til starfsfólks grunnskólanna á Læknum, innri vef bæjarstarfsmanna. Einnig verða í boði námskeið þar sem fjallað er um notkun *Orðanámskrárinnar*.

Skýringar:

- *Orðanámskráin* er fyrst og fremst hugsuð fyrir fjöltyngda nemendur og nemendur með frávík í málþroska, en hana má einnig nota með stærri hópum í almennri kennslu yngri nemenda og á frístundaheimilunum.
- *Orðanámskráin* inniheldur 19 orðabemu og er hvert þema kennt á u.þ.b. tveimur vikum þannig að mögulegt er að vinna með öll þemun á einu skólaári.
- Um er að ræða skjal sem kennarar geta aðlagð sínum nemendum að vild, t.d. breytt innlagnarröð, fært orð á milli þrepa, bætt við og/eða sleppt úr orðum.

Gert er ráð fyrir að þegar og ef ofangreindar tillögur hafa verið samþykktar (að hluta til eða allar) verði læsisplaggið frá 2018 gefið út á ný í pdf-sniði og dreift til skóla og foreldra. Markmiðið er að þeirri vinnu verði lokið á vorönn 2022 og að endurútfæring plagg verði tilbúið til dreifingar í maí 2022.

Virðingarfyllt,



Bjartey Sigurðardóttir,  
verkefnisstjóri læsis og talmeinafræðingur